

Kirkjuþing 2022-2023.

22. mál - þskj. 22.

T I L L A G A

til þingsályktunar um að kirkjuþing skipi þriggja manna viðræðunefnd við fjármálaráðuneytið vegna sóknargjalda.

(Lagt fyrir 64. kirkjuþing 2022-2023).

Flutt af Axel Árnasyni Njarðvík.

Frsm. Axel Árnason Njarðvík.

Kirkjuþing 2022-2023 samþykkir að skipa þriggja manna viðræðunefnd við fjármálaráðuneytið til að knýja á að sóknargjaldið haldi skv. lögum.

Viðræðunefndin ljúki störfum innan tveggja ára og geri kirkjuþingi glögga grein fyrir gangi viðræðna með reglubundnum hætti.

Greinargerð.

Sóknargjöldin eru víðast nánast einu tekjur safnaðanna. Innheimta sóknargjalda er skv. lögum um sóknargjöld nr. 91/1987. Allt frá árinu 2008 hafa skil fjármálaráðuneytisins á sóknargjaldinu verið skert. Árið 2008 voru 84,4% af sóknargjaldinu skilað og nú teljast skilin vera komið niður í 52,3%. Til hægðarauka mætti því setja málið upp til frekari skilnings að tekjur safnaða sem og allra annarra trú- og lífsskoðunarfélaga eru helmingur af því sem þær ættu að vera. Ríkið skattleggur þannig trú- og lífsskoðunarfélög með þessum hætti og heftir þar með starfsemi þeirra.

Skv. fjárhagsforsendum fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2023 ætti heildarframlag til sóknargjalda á landsvísu að vera kr. 3.275.100.000 miðað við óbreyttar forsendur frá fyrra ári sem þá voru þó aðeins 57,8 % af því sem það ætti að vera. Óskert ætti það að vera nærri kr. 5.700.865.000 en er skv. í frumvarpinu til fjárlaga 2023 aðeins kr. 2.960.700.000. Er sóknargjaldið skv. því komið í u.þ.b. 1060 kr. pr. gjaldanda á mánuði. Skv. gildandi sóknargjaldalögum ætti gjaldið að vera u.þ.b. 2010 kr. á næsta ári. (Það vantar m.ö.o. u.þ.b. 960 kr. á mánuði).

Viðræðunefndin ætti að hafa það hlutverk að funda með fjármálaráðuneytinu og kalla eftir skýrum svörum um skil ríkisins á tekjum safnaðanna og hvort það hyggist fara að lögum 91/1987 og eftir atvikum að lögum sé þá breytt á þann hátt að kirkjuþing fyrir hönd þjóðkirkjunnar ákveði það sóknargjald sem ríkið innheimti.

Kostnaðaráætlun: Sami kostnaður og kostnaður vegna viðræðunefnd kirkjuþings um breytingar á kirkjujarðasamkomulaginu var.